



Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 13 – 15
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2010

Varðar: Frumvarp um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum, 573. mál

Með frumvarpinu er stefnt að því að færa til betri vegar atriði sem hafa sýnt sig að betur megi fara nú þegar nokkurra ára reynsla er komin á lögin. Samtök iðnaðarins styðja frumvarpið í meginráttum. Reynt er að koma til móts við breyttar þarfir í þjóðfélaginu, m.a. varðandi fyrirtæki sem nýta fleira afurðir virkjana en raforku og breytt er skilgreiningu á stórnotendum. Tekið er undir tillögur í frumvarpinu er þetta varðar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tekjumörkum og gjaldskrár flutningsfyrirtækis og dreifiveitna. SI eru sammála því að nokkurra breytinga var þörf en erfitt er að átta sig á hvernig hinar ýmsu breytingar, sem hér eru lagðar til, spila saman. Ekki liggur fyrir mat á áhrifum frumvarpsins á atvinnustarfsemi og hvort það muni leiða til hærra orkuverðs. Bagalegt er að slíkt mat hafi ekki verið gert og SI telja því nauðsynlegt að skoða eftir tiltekin tíma hvernig til hefur tekist. Grípa þarf inni ef kostnaður við flutning og dreifingu hefur vaxið umfram almennt verðlag. Gott aðhald við flutningsfyrirtækið, sem er í einokunaraðstöðu, er nauðsynlegt og allir landsmenn hagnast af aðhaldi í rekstri þess, og sama á við um dreifiveitur.

SI áttu fulltrúa í nefnd sem fjallaði um frumvarpsdrögin. Ýmis atriði voru rædd í nefndinni sem ekki rata í frumvarpsdrögin og vilja SI beina því til löggjafans að halda áfram vinnu við endurskoðun lagaumhverfisins. Í byrjun þessa árs voru lagðar fyrir nefndina ágætar greiningar um stöðu og þróun mála frá því að raforkulögin tóku gildi og full ástæða er til að nýta þær í áframhaldandi vinnu.

Efla verkfræðistofa vinnur nú að greiningu fyrir SI þar sem skoðað er hvernig hefðbundin framleiðslu- og þjónustufyrirtæki falla inni kerfið. Kostnaður við flutning og dreifingu vegur þungt í heildarorkuverði og skoðað er hvernig lagaumhverfið hentar almennum atvinnurekstri í landinu. Fyrstu niðurstöður greiningarinnar beina augum að nokkrum atriðum sem tíunduð eru hér að neðan.

- Frá því samkeppnin var innleidd, árið 2005, hefur raunverð við kaup á raforku farið lækkandi (söluhluti orkuverðs) en hækkun er nálægt 20% á meðan vísitala neysliverðs hefur hækkað um 50%. Einnig hefur breytileiki í orkuverði milli sölufyrirtækja minnkað. Það verður því ekki annað séð út frá þessum tölum en að vel hafi tekist til með að koma á samkeppni á þessum markaði. Til að tryggja hagstæða þróun áfram á þessu sviði er mikilvægt að upplýsingagjöf um raforkusölu sé góð.
- Gjaldskrár dreifingar hafa hækkað mis mikið milli fyrirtækja og sum fyrirtæki hafa hækkað nokkuð meira en vísitala neysliverðs. Breytileiki í verði milli fyrirtækja hefur einnig aukist. Þróunin hefur því verið nokkuð önnur hér en í samkeppnisþættinum og vaknar sú spurning hvort tekjurammarnir hafi verið að virka eins og til var ætlast. Ef einungis er horft á flutning raforku kemur í ljós að gjaldskráin þar fyrir almenna notendur hefur hækkað minna en vísitala neysliverðs þannig að ef flutningur væri tekinn út úr gjaldskrár dreifingar væru hækkanir ennþá meiri hjá sumum veitum. Mikilvægt er því að kanna hvort ekki sé hægt að virkja betur tekjurammann til veita betra aðhald að rekstri dreifiveitna.
- Talsvert ósamræmi er í uppbyggingu taxta dreifiveitna milli svæða. Erfitt er því að bera saman verð. Einnig er erfitt að láta ganga upp taxta dreifiveitu annarsvegar (notandi skiptir ávallt við sömu dreifiveitu) og sölufyrirtæki á öðru svæði hins vegar. Meiri samræming í framsetningu gjaldskráa hjá dreifiveitum væri til bóta og myndi auðvelda notendum að ná hagstæðum samningum við sölufyrirtæki.
- Mikill munur er á kostnaði við kaup á dreifingu milli þétt- og dreifbýlis enda hefur dreifbýlisframlag hins opinbera lítið hækkað frá 2005. Með því að greina dreifbýlið frá öðrum svæðum hjá Rarik og Orkubúi Vestfjarða voru þéttbýlisnotendur hjá þessum veitum losaðir undan því að greiða þá dreifingu niður einir landsmanna. Eðlilegra var talið við setningu raforkulaganna að allir raforkunotendur stæðu undir slíkum niðurgreiðslum og voru þær því færðar undir sameiginlega sjóði landsmanna. Alþingi ákveður ár hvert hve mikið á að greiða niður þessa dreifingu.

Meginatriðin í þessum niðurstöðum eru að tryggja þarf aðhald við tekjuramma dreifiveitna og skoða uppbyggingu gjaldskráa þeirra. Skoða þarf lagarammann, reglugerðir og framkvæmd með það fyrir augum að auka sveigjanleika innan kerfisins fyrir stærri iðnfyrirtæki og virkja betur kosti samkeppninnar.



Bryndís Skúladóttir,
forstöðumaður umhverfismála